IV. KAFLI
**Bann við tiltekinni umferð.**

1. Allur akstur fjórhjóla (torfærutækja), er bannaður innan bæjarmarka Hveragerðis.
2. Allur akstur utan vega án brýnnar nauðsynjar er bannaður.

V. KAFLI
**Ökuhraði.**

Hámarkshraði ökutækja innan bæjarmarka Hveragerðis er 50 km/klst nema í Heiðarbrún, þar sem hámarkshraði er 30 km/klst.

VI. KAFLI
**Umferðarmerki.**

Við götur og vegi og á þeim skulu vera umferðarmerkingar til þess að gefa glögglega til kynna þær sérreglur um umferð, sem auglýsing þessi tekur til. Ökumönnum og öðrum vegfarendum ber að fara nákvæmlega eftir þessum merkjum og öðrum þeim leiðbeiningum, sem ástæða þykir til að hafa.

VII. KAFLI
**Gildistaka og fleira.**

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. auglýsingu nr. 250/1987 um hámarkshraða á þjóðvegum, öðlast þegar gildi.

Úr gildi falla eldri auglýsingar um umferð, svo og allar aðrar reglur um umferð í bænum, er kunna að hafa verið settar og brjóta í bága við reglur þessarar auglýsingar, þ.m.t. ákvæði 68. gr. lögreglusamþykktar Árnessýslu nr. 134/1939 um 20 km almennan hámarkshraða í bænum.

*Lögreglustjórinn í Árnessýslu, 11. nóvember 1992.*

**Andrés Valdimarsson.**

Nr. 450

# REIKNINGUR

## Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins fyrir árið 1991.

### Rekstrarreikningur 1. janúar – 31. ágúst 1991.

| | Skýr. | Kr. |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | |
| Hagræðingarsjóðsgjald | | 76 999 213 |
| **Rekstrargjöld:** | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 5 | 3 288 446 |
| Afskrift árgjalda | 2 | 2 030 595 |
| **Rekstrargjöld samtals** | | 5 319 041 |

| | Skýr. | |
|---|---|---|
| **Rekstrarhagnaður án fjármagnsliða** | | 71 680 172 |
| Fjármunatekjur og (-gjöld): | 1 | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 57 960 858 |
| Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga | | (37 220 000) |
| **Fjármagnsliðir samtals** | | 20 740 858 |
| **Hagnaður tímabilsins** | 3, 4 | 92 421 030 |

## Efnahagsreikningur 31. ágúst 1991.

### Eignir:

| | Skýr. | |
|---|---|---|
| **Bankainnstæður:** | | |
| Innstæður á sérkjarareikningi | | 100 015 565 |
| Innstæða á hlaupareikningi | | 38 779 814 |
| **Bankainnstæður samtals** | | 138 795 379 |
| **Verðbréf:** | | |
| Bankabréf | | 249 914 800 |
| Spariskírteini ríkissjóðs | | 125 658 000 |
| Atvinnutryggingasjóður | | 31 371 064 |
| Samábyrgð Íslands | | 29 100 260 |
| **Verðbréf samtals** | 6 | 436 044 124 |
| **Aðrar skammtímakröfur:** | | |
| Óinnheimt hagræðingarsjóðsgjöld | 2 | 39 469 256 |
| Áfallnir vextir | | 5 976 844 |
| Samábyrgð Íslands | | 3 707 113 |
| **Aðrar skammtímakröfur samtals** | | 49 153 213 |
| **Eignir samtals** | | 623 992 716 |

### Skuldir og eigið fé:

| | Skýr. | |
|---|---|---|
| **Skuldir:** | | |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 7 | 27 831 000 |
| Fiskveiðasjóður Íslands | | 2 000 000 |
| Ógreiddur kostnaður | | 62 640 |
| **Skuldir samtals** | | 29 893 640 |
| **Eigið fé:** | | |
| Óráðstafað eigið fé | 4 | 594 099 076 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 623 992 716 |

### Skýringar.

**Reikningsskilaaðferðir:**

1. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn og er í því sambandi miðað við hækkun á lánskjaravísitölu frá 1. janúar til 1. september 1991 sem nam 7,28%. Fylgt er eftirfarandi aðferðum við útreikninginn:

* Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningsársins og á breytingu þeirra innan ársins eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Hin reiknuðu áhrif mynda gjaldfærslu að fjárhæð kr. 37 220 000 sem færð er til gjalda í rekstrarreikningi, en færslan á sér mótvægi í vöxtum, verðbótum og gengismun.

* Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna eru færðar í rekstrarreikninginn.
* Verðtryggðar eignir eru miðaðar við vísitölu, sem tók gildi 1. september 1991.

2. Óinnheimt hagræðingarsjóðsgjöld eru færð niður um 3%, eða kr. 1 220 700 í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Á uppgjörsárinu var gjaldfært vegna þessarar niðurfærslu kr. 1 220 700. Auk þess voru gjaldfærðar tapaðar kröfur að fjárhæð kr. 809 895, eða samtals kr. 2 030 595.

| Óinnheimt hagræðingarsjóðsgjald greinist þannig: | Kr. |
|---|---|
| Óinnheimt v/'91 | 36 540 642 |
| Óinnheimt v/'90 | 2 538 653 |
| Óinnheimt v/'89 | 926 710 |
| Óinnheimt v/'88 | 683 951 |
| | 40 689 956 |
| Niðurfærsla óinnheimtra hagræðingarsjóðsgjalda | (1 220 700) |
| | 39 469 256 |

**Skattamál:**

3. Sjóðurinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast sbr. ákv. 11. gr. laga nr. 40/1990 um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

**Eigið fé:**

4. Yfirlit um óráðstafað eigið fé:

| | |
|---|---|
| Jöfnuður 1. janúar | 464 458 046 |
| Reiknuð gjöld | 37 220 000 |
| Hagnaður ársins | 92 421 030 |
| | 594 099 076 |

Eigið fé hagræðingarsjóðs var jákvætt í ársbyrjun um kr. 464 458 046 er jafngildir kr. 498 270 592 í lok uppgjörstímabilsins miðað við 7,28% verðlagsbreytingu innan tímabilsins. Samkvæmt ársreikningi er eiginfjárstaðan í lok uppgjörstímabilsins jákvæð um kr. 594 099 076 eða kr. 95 828 484 betri en í ársbyrjun miðað við verðlag í lok tímabilsins. Ávöxtun á meðaltali hreinnar eignar í ársbyrjun og lok reikningsárs var 12,25% og raunávöxtun umfram verðbólgu um 5%.

**Sundurliðanir:**

5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:

| | |
|---|---|
| Laun stjórnunarmanna | 1 069 991 |
| Launatengd gjöld | 64 199 |
| Kostnaðarhlutdeild hjá Fiskveiðasjóði Íslands | 2 000 000 |
| Endurskoðun | 154 256 |
| | 3 288 446 |

6. Verðbréf:

Verðbréf sjóðsins greinast þannig þann 31/8 1991:

| | Nafnverð kr. | Uppreiknað verð kr. | Afborganir á næsta uppgjörsári kr. |
|---|---|---|---|
| Bankabréf L.Í. | 133 360 000 | 154 913 200 | 113 985 700 |
| Bankabréf Samvinnubanki c/o L.Í. | 2 800 000 | 4 348 100 | 1 242 300 |
| Bankabréf VÍB | 78 870 000 | 90 653 500 | 0 |
| Spariskírteini ríkissjóðs 1. fl. A '89 | 88 630 000 | 125 658 000 | 125 658 000 |
| Atvinnutryggingasjóður | 26 985 969 | 31 371 064 | 5 600 890 |
| Samábyrgð Íslands | 27 126 742 | 29 100 260 | 7 734 530 |
| | 357 772 711 | 436 044 124 | 254 221 420 |

7. Fyrirfram innheimtar tekjur:

Fyrirfram innheimtar tekjur að fjárhæð kr. 27 831 000 eru ótekjufærð afföll vegna kaupa sjóðsins á bankabréfum. Afföllin koma til tekna á næstu reikningsárum sem hér greinir:

| | Uppgjörs-árið '91/'92 | Uppgjörs-árið '92/'93 | Uppgjörs-árið '93/'94 | Uppgjörs-árið '94/'95 |
|---|---|---|---|---|
| Bankabréf VÍB | 5 560 000 | 5 560 000 | 5 560 000 | 4 233 000 |
| Bankabréf L.Í. | 2 616 000 | 2 616 000 | 1 686 000 | |
| Samtals | 8 176 000 | 8 176 000 | 7 246 000 | 4 233 000 |

## Áritanir á ársreikninginn.

### Áritun stjórnar

Með tilvísun til áritunar endurskoðenda staðfestir stjórn Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins reikninginn.

Reykjavík, 11. október 1991.

**Kristján Skarphéðinsson.**

**Benedikt Valsson.** **Jón Ingvarsson.**

**Bjarki Bragason.** **Kristján Ragnarsson.**

### Áritun endurskoðenda.

Ársreikning Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins fyrir uppgjörið 1. janúar til 31. ágúst 1991 höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning 31. ágúst 1991 og skýringr nr. 1–7.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við viðtekna endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum er við töldum nauðsynlegar.

Að okkar áliti er ársreikningurinn í samræmi við gildandi lög, samþykktir og góða reikningsskilavenju og gefur glögga mynd af rekstrarafkomu sjóðsins á uppgjörstímabilinu og efnahag hans í lok þess.

Reykjavík, 3. október 1991.

**Sævar Þ. Sigurgeirsson,**
löggiltur endurskoðandi.

### Áritun sjávarútvegsráðherra.

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og stjórnar er ársreikningur Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins fyrir tímabilið 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 hér með staðfestur.

**Þorsteinn Pálsson.**